



# „Það eina sem skiptir máli í þessu lífi eru tengslin“

Geðlæknirinn og ljóðskáldið Ferdinand Jónsson er fluttur heim eftir rúmlega 28 ára dvöl í Bretlandi og starfar í dag á geðdeild Landspítalans við Hringbraut. Ferdinand var gestur Læknaþlaðsins þar sem hann talaði um starf sitt í Lundúnum, eigin veikindi, ljóðlistina og hvernig var að snúa heim á ný. Hér að neðan má sjá stutt brot úr viðtalinu

■■■ Kristborg Bóel Steindórsdóttir

„Í menntaskólanum tók ég mig á. Ég hafði áhuga á raungreinum en líka þessum mjúku fögum. Ég hugsaði að ég vildi verða læknir. Eiríkur bróðir er læknir. Mamma okkar, Helga Óskarsdóttir, var hjúkrunarfræðingur af guðs náð. Hún elskaði starfið og á þau mið vildi ég róa. Svo þurfti ég nauðsynlega að finna fag þar sem ég gæti flúið land,“ segir Ferdinand, sem lærði læknisfræði við Háskóla Íslands og geðlækningar í Bretlandi þar sem hann svo starfaði allt þar til í fyrra þegar hann sneri aftur heim.

## Geðapparatið kemst aldrei með tærnar þar sem góð fjölskylda og vinir hafa hælana

Ferdinand starfaði lengst af í miðborg Austur-Lundúna þar sem mikið er af innflytjendum. „Lengst af vann ég með heimilislausum geðveikum. Þú verður oft heimilislaus vegna veikinda. Þarna er fólk alls staðar að úr heiminum sem vantar þennan stuðning sem er okkur svo mikilvægur. Fjölskylda og vinir. Svo er einnig oft afar vænt fólk sem velur að vinna með sjúklingum. Ég hef mikið hugsað um þetta síðan ég kom aftur heim. Hér á Íslandi eru sterkar fjölskyldur og vinahópar. Þó sumir af okkar skjólstæðingum hafi því miður misst alla sína vegna veikinda. Hér heima er samt mikill styrkur í tengslunum. Vinir eiga að koma að ef þeir geta, til þess að

hjálpa fólki sem lendir í hremmingum. Við verðum að reyna að fá viðkomandi inn í myndina svo þeir þurfi ekki að sitja í einhverjum jarðarförum og vera í algerri vörn. Hugsu af hverju hjálpaði ég ekki vini mínum. Vinir eru þeir sem í raun reynast. En ég veit líka að margir hafa lagt allt í sölurnar til að hjálpa sínum nánustu án þess að hafa haft erindi sem erfiði,“ segir Ferdinand og bætir því við að mikilvægt sé að fræða um þá fjölþættu fordóma sem sjúklingarnir gjarnan mæti. „Og það sem við geðþjónustan getum ekki, það geta nánir oft gert mikið vel. Vinir og aðstandendur geta auðvitað fengið mikið út úr því að hjálpa. Við getum ekki og eigum ekki að taka það af þeim. Ábyrgðin er ekki bara inni á legudeildunum eða inni í einhverjum kerfum. Þetta er miklu víðara, það verða allir sem geta að taka höndum saman og reisa fólkið sitt við. Og um leið og sjúklingarnir geta tekið ábyrgð, þá eiga þeir að reyna það. Þar liggur oft styrkurinn og fegurðin. Oft en auðvitað alls ekki alltaf.“

„Tengslamyndun er grunnforsenda þess að við náum sambandi við fólk, hvaðan sem það er úr heiminum. En til þess verðum við að virða menningu þess og trúarbrögð. Virðing virkar“

## Tengslamyndun er grunnforsendan

Ferdinand kemur heim með viðamikla reynslu úr vinnu sinni sem geðlæknir í fjölþjóðasamfélagi. „Tengslamyndun er grunnforsenda þess að við náum sambandi við fólk, hvaðan sem það er úr heiminum. En til þess verðum við að virða menningu þess og trúarbrögð. Virðing virkar. Það hefur verið mín gæfa að fá að kynnast fólki alls staðar að af jörðinni. Sjá hversu mikið sameinar okkur, fátt sem sundrar. Vinnan mín í Lundúnum kenndi mér margt merkilegt um manninn. Ég var með sjúklinga sem voru það veikir að þeir stukku í Thames-ána. Þar er dauðinn nærri. En í öllum þessum aragrúa af ókunnu fólki var alltaf einhver sem fór á eftir þeim til hjálpar. Hvað er það? Er það Kóraninn eða fyrra bréf Páls postula til Kórintumanna? Held ekki, þú hefur ekki tíma í slíkt. Því ef þú gæfir þér tíma myndir þú aldrei fara á eftir neinum, það er of hættulegt. Það er eitthvað í okkur mannfólkinu að við viljum hjálpa öðrum í neyð. Það er dýrmætt að muna þegar heimurinn virðist vera að fara norður og niður. Það er mikil von. Við sem tegund erum góð.“

## Vináttan er fögur

Ferdinand segir það hafa verið erfitt að koma heim eftir svo langan tíma í Lundúnum. „Lundúnir voru mér góðar. Ég var



Ferdinand tók mynd af Turnabrúnni á hverjum morgni og sendi heim til vina.



Ferdinand Jónsson geðlæknir er snúinn heim eftir 28 ára dvöl í London. Mynd/laðsend

hræddur við þetta, svo miklar breytingar, kannski helst vegna veikinda minna. En líka gamlir fordómar gegn sjálfinu sem lifa oft góðu lífi. Vissan kom um að það eina sem skiptir máli í þessu lífi eru tengslin. Hér á ég mjög sterk tengsl við fjölskyldu og vini. Vildi vera nálægt mínum. Vildi einnig gefa til baka. Ég var miður mín í fluginu heim en þegar ég sá að þrír vinir biðu eftir mér á vellinum, þá getur maður ekkert sagt. Ég varð bara meyr og innilega glaður og þau eru búin að styðja mig og styrkja á allan hátt. Vináttan er fögur. Ég er ríkur.“

### Þagnarskyldan lélegur „danspartner“ á vargöld

Hvernig var að koma til baka í íslenskt geðheilbrigðiskerfi eftir allan þennan tíma? „Ég byrjaði strax að vinna. Var mjög vel tekið. Vinnan er minn styrkur á erfiðum tímum. Kerfið er á betri stað en þegar ég fór út. Hér er sterk teymis- og fjölskylduvinna. Mikið af frábæru, valdefldu fólki. Og á geðdeildinni vinnur margur sem ýmissa hluta vegna brennur fyrir starfinu. Hópurinn hjálpast að og kemur með hugmyndir og lausnir. Og hér er fólk sem jafnvel segir sannleikann. Engar raunverulegar lausnir eða von án hans. Þannig að ég þoli illa þegar fjölmiðlar ráðast á það fólk sem vinnur störf sem fáir aðrir geta.

Fólk sem vegna þagnarskyldu getur ekki varið sig. Störfin eru vandasöm og hættuleg. Sumt verður ekki leyst. Vandamál þjóðar eru töluverð að mínu viti. Fjölmiðlar og samfélagsmiðlar daðra við dauðann. Manni er auðvitað vissara að fara sparlega með þann mikla kraft sem réttlát reiði hommanna er. Ég á nóg af henni. Og í þessari umræðu er ég alls ekki hlutlaus, en ég hef reynslu báðum megin borðsins,“ segir Ferdinand og spyr: „Af hverju þessi nýja þjóðarsátt um eitthvert ofbeldissamband milli fjölmiðla og heilbrigðisstarfsfólks? Sjálfsvígshættan er enginn leikur að stráum. Þessi störf kalla á fólk sem situr vel í eigin skinni. En þagnarkyldan er lélegur „danspartner“ á vargöld. En hér heima er mikið af góðu fólki. Nú þarf það að axla ábyrgð. Finna leiðir til að lagfæra þennan dans. Annars verðum við í filabeinsturn-

**„Hér á Íslandi eru sterkar fjölskyldur og vinahópar. Þó sumir af okkar skjólstæðingum hafi því miður misst alla sína vegna veikinda. Hér heima er samt mikill styrkur í tengslunum. Vinir eiga að koma að ef þeir geta, til þess að hjálpa fólki sem lendir í hremmingum“**

unum að fara að vara nemana við. Það að dansa við óheftar frumstæðar kenndir þjóðar er dauðans alvara. Það er mikið í húfi og við viljum ekkert nema frábært heilbrigðisstarfsfólk fyrir okkur og þá sem við elskum á ögurstundum. Þær koma. Inn í okkar raðir geta auðvitað ratað vafasamir einstaklingar. Það er grunnskylda heilbrigðisstarfsfólks að vernda sjúklinga fyrir öðru heilbrigðisstarfsfólki sem ræður illa við sín veikindi eða illsku.“

Ferdinand segir þekkt að blessunarlega raðist gjarnan fólk í heilbrigðiskerfið sem gerir háar kröfur til sín og annarra. „Þeim sem ofbýður nornaveiðar og mannorðsmorð verða nú að framkvæma, ekki bara sleppa sér á samfélagsmiðlum, hvað þá í *Læknaþláðinu*. Kannski þarf að skoða að léttu þagnarskyldunni í alvarlegum málum og að dómstólar láti þessi mál ekki hanga yfir manneskjum árum saman. Fólkið sem vinnur hjá dóms- og ákærvaldinu ber einnig ábyrgð. Við erum ekki foreldrar laskaðrar þjóðar. Ég veit að sumir ráða illa við hvatirnar frumstæðu, sem stundum sjást í vinnubrögðum fjölmiðla. Nú þarf ef til vill að tempra tjáninguna og hegðun þeirra sem gengur verr með ábyrgðina. Framkvæma, svo að mannaúdurinn, sem er grunnur heilbrigðiskerfisins, geti lifað af og jafnvel dafnað. Fullorðið fólk veit hver undirstaðan í lífinu er. Það er von um þjóðarsátt í þessu máli.“